

Nd.

371. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu al-friðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10 kr. fyrir hvern fugl, og tvöfaldast sektin við ítrekun brotsins.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 27. júní 1921.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.